

## Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Marteinn Eyjólfsson, greiði kr. 4.075.00 sekt til Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Áfengisflöskur þær, sem málinu fylgja, skulu upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-  
arlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæsta-  
réttarlögmanns, krónur 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 23. apríl 1969.

Nr. 54/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Ásgeiri Halldóri Pálmasyni Hraundal**  
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

## Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,  
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vil-  
hjálmsón.

Skjalafals.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflyt-  
ingslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ásgeir Halldór Pálmason Hraundal, greiði all-  
an áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksókn-  
arlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns,

Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. nóvember 1968.**

Ár 1968, fimmtudaginn 7. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 528/1968: Ákærvaldið gegn Ásgeiri Halldóri Pálmasynt Ásgeirssyni Hraundal, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 14. f. h., gegn Ásgeiri Halldóri Pálmasynt Ásgeirssyni Hraundal sjómanni, Suðurlandsbraut 91 B hér í borg, fæddum 16. ágúst 1929 í Hafnarfirði, „fyrir skjalafals með því að gefa út til handhafa í júlí 1968 eftirtalda þrjá tékka á eyðublöð frá Iðnaðarbanka Íslands, sem hann hafði í heimildarleysi tekið í Svefnbökkjajúnni, Laufásvegi 4 í Reykjavík, og stimplað þar með stimpli þess fyrirtækis við nafnritunarstað útgefanda, falsa nafn útgefanda á þá alla og nafn framseljanda á einn þeirra og nota þá í viðskiptum í Reykjavík í útgáfumánuðinum, svo sem rakið verður:

1. K. 2736, kr. 1.100.00, á hlaupareikning nr. 1753, dagsettur 21. júlí. Falsa nafn útgefanda og framseljanda: Sigurður Björns-son, Leifsgötu 8. Seldur Ólafi Kjartanssyni húsverði, Hverfis- götu 59.

2. K. 2740, kr. 700.00, á hlaupareikning nr. 73, dagsettur 21. júlí. Falsað nafn útgefanda: Jónas Guðlaugsson. Framseldur af ákærða sjálfum. Notaður sem greiðsla 75.00 króna ökugjalds til Jóhannesar Péturssonar bifreiðarstjóra, Skarphéðinsgötu 10, sem greiddi ákærða mismuninn í peningum.

3. K. 12420, kr. 1.100.00, á hlaupareikning nr. 73, dagsettur 22. júlí. Falsað nafn útgefanda: Jónas Guðlaugsson. Framseldur af ákærða sjálfum. Notaður sem greiðsla 200.00 króna ökugjalds til Bergþórs Bergþórssonar bifreiðarstjóra, Laugavegi 51, sem greiddi ákærða mismuninn í peningum.

Verknaðir þessir teljast varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og til greiðslu sakar- kostnaðar“.

Í sumar starfaði ákærði í Svefnbökkjajúnni, Laufásvegi 4. Sunnudaginn 21. júlí fór ákærði inn í húsnaði fyrirtækisins og tók þar nokkur eyðublöð úr tékkhefti þess. Stimplaði hann eyðu-

blöðin með stimpli fyrirtækisins: Svefnbekkjaiðjan, Laufásvegi 4. Sími 13492, Reykjavík. Ákærði ritaði síðan á eyðublöð þessi þá þrjá tékka, sem taldir eru í ákæru. Fyrsta tékkann undirritaði hann með nafninu Sigurður Björnsson og hafði þar ekki ákveðinn mann í huga. Tékka þennan, sem var að fjárhæð kr. 1.100.00 og gefinn út til handhafa á reikning 753 í Iðnaðarbanka Íslands, seldi hann Ólafi Kjartani Ólafssyni húsverði, Hverfisgötu 59. Greiddi Ólafur 1.000 kr. fyrir tékkann, en 100 kr. átti hann að fá fyrir greiðann. Annan tékkann, kr. 700.00, gaf ákærði út á reikning 73 og undirritaði með nafninu Jónas Guðlaugsson, en það kveður hann vera annan af eigendum Svefnbekkjaiðjunnar. Með tékka þessum greiddi ákærði Jóhannesi Péturssyni leigubifreiðarstjóra, Skarphéðinsgötu 10, ökugjald að fjárhæð kr. 75.00 og fékk mismuninn greiddan í peningum. Þriðja tékkann, kr. 1.100.00, sem ákærði gaf einnig út á reikning 73 og undirritaði nafninu Jónas Guðlaugsson, notaði ákærði til þess að greiða Bergþóri Bergþórssyni leigubifreiðarstjóra, Laugavegi 51, ökugjald, ca. 200 kr., og fékk hann mismuninn í peningum.

Ákærði kveðst hafa framið brot þessi í drykkjuskap. Hann hefur ekki bætt tjón af brotunum og ber við tekjuleysi sínu síðan. Jóhannes Pétursson krefst bóta úr hendi ákærða, kr. 700.00, og Bergþór Bergþórsson gerir kröfu í máli þessu um bætur, kr. 1.100.00, en Ólafur Kjartan Ólafsson hefur fallið frá kröfu á henda ákærða.

Með notkun þessara þriggja tékka með fölsuðum nafnritunum hefur ákærði brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði var 22. október 1958 dæmdur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað. Þá hefur hann á s.l. 20 árum sætt 22 sinnum á greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot og einu sinni (1967) á greiðslu 1.700 kr. sektar fyrir brot gegn 261. og 248. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 3 mánuðir.

Áðurgreindar fjárkröfur verða teknar til greina. Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Halldór Pálmason Ásgeirsson Hraundal, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Jóhannesi Péturssyni kr. 700.00 og Bergþóri Bergþórssyni kr. 1.100.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.  
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. apríl 1969.

Nr. 70/1969. **Margrét G. Hjaltested f. h. sjálfrar sín og ófjárráða barna sinna, Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar,**  
gegna  
**Magnúsi S. Hjaltested og Unnsteini Beck skiptaráðanda.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

### Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 30. október 1968 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð skiptadóms Kópavogs, sem kveðinn var upp 28. september 1968. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að setuskiptaráðandi, Unnsteinn Beck, viki sæti.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og setuskiptaráðanda gert að vikja sæti.

Af hálfu varnaraðilja Magnúsar S. Hjaltesteds hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Varnaraðili Unnsteinn Beck hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar um kærana, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1962. Þar segir, „að kæranda var kunnugt um niðurstöðu úrskurðarins, áður en kærufrestur var liðinn“. Þessu hefur eigi verið andmælt af hálfu sóknaraðilja. Þar sem kærufrestur var liðinn, þegar úrskurðurinn var kærður, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1962, ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 10. apríl 1969.

Ber að víta þennan óhæfilega drátt af hálfu skiptaráðanda að senda Hæstarétti málskjölin.